



Canon



Bókklaðan



MF 1200-DX

ÓRÁÐ


FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 13. mars 2002 • 11. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk



Færeyskur þunglyndis-sjúklingur, lausgirtur Ameríkani og tantra-jógi

– Sjá viðtal í miðopnu við Eirík Örn Norðdahl, sem undanfarin ár hefur að mestu dvalist erlendis og kynnst mörgum áhugaverðum og vafasömum einstaklingum

Sökk í Súðavíkurhöfn

Rækjubáturinn Bára ÍS-66 dreginn til Ísafjarðar

Rækjubáturinn Bára ÍS-66 sökk við bryggju í Súðavík sl. föstudagsmorgun eftir að sjór hafði runnið inn um tvívirkan lensibúnað bátsins. Neyðarkall barst frá bátnum í gegnum Tilkynningaskylduna og voru lögregla og björgunarsveit kölluð út en talið er að sjálfvirkur neyðarsendir hafi farið í gang þegar

báturinn sökk. Hafði báturinn verið á rækjuveiðum í Ísafjarðardjúpi daginn áður og gengu sjómennirnir frá bátnum við bryggjuna á Súðavík um klukkan níu um kvöldið.

Hann náðist á flot fljótlega eftir hádegi á föstudeginum og hafði þá hópur, slökkviliðsmanna, kranamanna og kafara unnið að því að ná bátnum

upp frá því snemma um morguninn. Báturinn var síðan dreginn til hafnar á Ísafirði þar sem tjón verður metið en að sögn Sverris Péturssonar, útgerðarstjóra Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. sem gerir Báru út, er ljóst að um verulegar skemmdir er að ræða, sérstaklega á rafkerfi. Á hann því ekki von á því að báturinn



Bára ÍS-66 dregin inn á Ísafjarðarhöfn.

rói meira á þessari vertíð og segir það sérlega leitt í ljósi þess að hann hefur reynst út-

gerðarfélaginu vel það sem af er vetrar.

SAMKAUP

OPID

Virka daga kl. 09 - 21

Laugardaga kl. 10 - 21

Sunnudaga kl. 12 - 21

Verið velkomin!

SAMKAUP

AUSTURVEGI 2
SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi

www.eimskip.is • Sími 456 5500

www.flytjandi.is • Sími 456 5500



Kröfu kennara hafnað

Hæstiréttur hafnaði í síðustu viku kröfu kennara við Grunnskólann á Ísafirði sem krafði sveitarfélagið um umfæðispeninga vegna þátttöku sinnar í ferð 10. bekkjar Grunnskólans á Ísafirði til Danmerkur vorið 1999.

Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms á þeirri forsendu að skólastjóri grunnskólans hafi ekki falið áfrýjanda að fara í umrædda ferð. Þá segir í dómnum að ekki verði litið öðruvísi á en að nemendurnir hafi sjálfir, í skjóli lögráðamanna sinna, átt að bera alla fjárhagslega ábyrgð af ferðakostnaði en sveitarfélagið greiddi tveimur kennurum laun á meðan á ferðinni stóð.



Nýtt aðsetur Hjólbarðaverkstæðis Ísafjarðar er að Sindragötu 14.

Ísafjörður

Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar flytur

Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar hefur flutt sig um set og er nú til húsa að Sindragötu 14 á Ísafirði. Að sögn Jónasar Björnssonar, eiganda verkstæðisins, var hann með starfseminu í eigin húsnæði að Njarðarsundi 2 í átján ár, en hefur nú selt Póls hf. húseignina.

Segir Jónas nýju aðstöðuna álíka stóra og þá gömlu og telur hið besta mál að flytja öðru hvoru til að losna við það drasl sem safnast saman yfir árin.

Samstarf um þróun raddtæknilausna í fiskiðnaði

VoiceEra í Bolungarvík og Póls hf. á Ísafirði hafa gert með sér samning um samstarf varðandi þróun á raddtæknilausnum í fiskiðnaðinum.

Fyrirhugað er að nota bæði ISR og Raddþekkir frá VoiceEra til að raddstýra vélum ásamt því að kanna frekar notagildi íslenskrar raddþekkingar á sviði fiskiðnaðar. Samningurinn var undirritaður í Bolungarvík þegar VoiceEra var með opið hús í telfni af eins árs starfsafmæli sínu. Þetta er fyrsti samstarfssamningur VoiceEra við fyrirtæki á Vestfjörðum og hafa forsvarsmenn fyrirtækisins fagnað því sérstaklega.

Ómar Örn Jónsson, framkvæmdastjóri VoiceEra, segir að með samstarfinu sé verið að tengja saman þá tækni sem VoiceEra og Póls hafa verið að þróa hvort um sig þannig að hægt verði að nýta raddskipanir í fiskvinnslu. Í fyrstu verður skoðað hvernig nýta megji þessa tækni um borð í skipum þar sem sjómenn þurfa að slá talsvert af upplýsingum inn á lykilorð en gætu

mögulega sinnt því með röddinni.

Að sögn Ómars Arnar er sambærileg tækni ekki með öllu óþekkt erlendis en fyrirtækið hefur skapað sér sérstöðu með því að þróa íslenskan hugbúnað sem greinir íslensk hljóð og er nokkurs konar íslensk hljóðorðabók. Því mun þróunarverkefnið fyrst og fremst beinast að því að hanna búnað fyrir íslenska aðila. Þar sem grunnkerfi raddþekkisins frá VoiceEra er unnið í samstarfi við belgískt fyrirtæki sem náð hefur langt í þróun á raddtæknilausnum, ætti hins vegar að vera auðvelt að heimfæra tæknina fyrir erlenda markaði ef verkefnið gengur vel.

Segir Ómar Örn að nokkur aðdragandi hafi verið að undirritun samningsins þar sem menn hafi tekið sér góðan tíma til að ræða málin. Nú væri hins vegar sjálf vinnan að fara af stað og væri verið að skipa vinnuhóp sem kæmi til með að vinna að þessu tilrauna-verkefni.

Örn Ingólfsson, fram-

kvæmdastjóri hjá Póls, segir að fyrirtækið hafi lengi þurft á tækni sem þessari að halda enda auki það afköst ef menn geta notað hendurnar í annað en að mata tæknibúnað á upplýsingum. Hann segir að fyrirtækið hafi fyrir nokkrum árum verið í samstarfi við Háskóla Íslands um sambærilegar lausnir en tæknin hafi þá verið komin of skammt á veg. Hún hafi hins vegar þróast mikið síðan og allar forsendur séu fyrir því að hægt sé að þróa þann búnað sem þarf.

Að sögn Arnar þarf umræddur búnaður að vera fyrirferðarlátill, léttur og umfram allt sterkur þannig að hann henti þeim markaði sem fyrirtækið sérhæfi sig fyrir. Hann þurfi t.d. að þola hávaða og öll þau aukahljóð sem fylgja vélum í skipum og fiskvinnslum. Segir Örn að unnið verði að verkefninu á þessu ári og vonast til þess að á þriðja ársfjórðungi verði það komið í það horf að hægt verði að meta árangurinn og ákveða framhaldið.



Örn Ingólfsson, framkvæmdastjóri Póls, og Hallur Hallsson, forstjóri VoiceEra, undirrita samstarfssamninginn.

Forvarnarátak Menntaskólans á Ísafirði

„Heilbrigður menntaskóli fyrir vestan“

Nemendur og starfsfólk Menntaskólans á Ísafirði undirbúa nú átak í forvarnarmálum sem tengjast mun lífsháttum ungs fólks í bæjarfélaginu og víðar undir heitinu „Heil-

brigður menntaskóli fyrir vestan“.

Að sögn Hermanns Niélsssonar, forvarnarfulltrúa Menntaskólans á Ísafirði, mun verkefnið einkum byggjast á

verkefnavinnu starfshópa og viðburðum yfir skólaárið 2002-2003 sem margir utan- aðkomandi aðilar munu koma að með ýmiss konar ráðgjöf og aðstoð.



Menntaskólinn á Ísafirði.

Verkefnið var formlega sett af stað með kynningu og umræðu á sal skólans 28. febrúar sl. og var þá skipað í umræðuhópa og vinna hafin. Er ætlunin að undirbúa starfið fram á vor en átakið hefst fyrir alvöru

næsta haust þegar nýtt skólaár hefst.

Segir Hermann ljóst að fari verkefnið af stað með fullum þunga, muni það hafa margvísleg áhrif á umræðu og fræðslu um þessi málefni meðal bæjarbúa. Verkefnið byggist hins vegar að nokkru leyti á því að styrkir fái til framkvæmda þess og því hefur verið leitað eftir stuðningi hjá ýmsum aðilum, m.a. Forvarnarsjóði og Ísafjarðarbæ sem hefur samþykkt að veita 100 þúsund króna styrk til verkefnisins.

Frá Hrossataðsvöllum að Torfnesi

Það er langur vegur í árum talið frá því menn hófu að sparka „fótknetti“ sér til gamans á Hrossataðsvöllum og ungar stúlkur stofnuðu Fótboltafélagið Hvöt vegna þess að þeim var meinaður aðgangur að Fótboltafélagi Ísfirðinga, sem karlar einir áttu aðgang að, til dagsins í dag.

Ef frá eru taldir sparkleikir krakka á Riistúni (og fáförnum götum á þeim árum þegar bílaeign Ísfirðinga var fárra fingra í talningu) hefur samastaður knattspyrnumanna á Ísafirði verið á tveimur stöðum í hart nær heila öld. Eftir margra áratuga vissu um ófullnægjandi aðstöðu til íþróttaræfinga á mal-arvellinum á Grund litu margir björtum augum fram á veginn þegar íþróttasvæðið á Torfnesi var tekið í notkun. Ekki síst vegna þess að samhliða þeim áfanga voru uppi talsverðar væntingar (og fyrirheit bæjaryfirvalda, að margra mati) um áframhaldandi framkvæmdir þar til íþróttasvæðið væri að fullu byggt með aðstöðu fyrir frjálur íþróttir og knattspyrnu.

Þótt BB hafi margsinns vakið athygli á þeirri vafasömu stöðu sem íþróttir eru komnar í, þegar æfingar, keppni og árangur „fyrirmyndanna“, sem ungdómurinn dregur dóm af snýst um peninga frá á til ö, dylst engum að fátt er betra veganesti ungu fólki en hollar íþróttir þar sem hið gullna kjörorð „að vera með“ er í hávegum. Í nútíma bæjarfélögum er litið á aðstöðu til íþróttaiðkunar jafn sjálfsagða og

skóla.

Gagnstætt því sem upphaflega var talið virðist nú sem ekki sé rými fyrir frjálstar íþróttir á Torfnesinu. Væntanlega er það í ljósi þessa nýja viðhorfs sem gamlar hugmyndir um Tungudalinn, sem alhliða útivistar og íþróttasvæði hafa skotið upp kollinum á ný. Áreiðanlega yrði fullbúið íþróttasvæði í Tungudal glæsilegt mannvirki. Hætt er þó við að biðin eftir að gamli draumurinn rætist verði of dýru verði keypt, fjárhagslega og ekki síður fé-lagslega, hvort heldur er fyrir unnendur knattspyrnu eða frjálstra íþróttar. Teikni-vinna og margþættur undirbúningur að slíku mannvirki spannar mörg ár, að ekki sé minnst á mögulegan framkvæmda hraða hjá bæjarfélagi með takmarkaða getu. Úrræðin til að bæta úr aðstöðuleysi frjálisíþróttafólks einskorðast varla við Tungudalinn.

Fullbyggt með tveimur knattspyrnuvöllum, áhorfendastúku, vallar húsi, glæsilegu íþróttahúsi og sundlaug myndi íþróttasvæðið á Torfnesi óeðlað setja svip á bæinn. Tungudalsdraumurinn er skemmtilegur. Kannski rætist hann eftir að draumur Hannibals um 15 þúsund manna byggð á Ísafirði, með úthverfi í Arnardal og lyftu upp á Gleidrahjalla sem útsýnisfall, er kominn fram.

s.h.

Frá útgefendum:

Umboðs-aðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikólína Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Sindri V. Gunnarsson, Holtagötu 11, sími 456 4982. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðal-götu 20, sími 891 7738. **Flat-eyri:** Gunnhildur Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Selma Rut Söfnadóttir, Hlíðargötu 40, sími 456 8269.

Útgefandi: H-prent ehf. Sólögötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 • Netfang prentsmíðju: hprent@bb.is • Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, netfang: bb@bb.is • Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson • Fréttastjóri: Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sími 456 4448, netfang: gudfinna@bb.is. Blaðamenn: Haukur Magnússon, sími 695 8158, netfang: haukur@bb.is, Kristinn Jónsson, sími 895 3068, netfang: blm@bb.is • Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, netfang: halldor@bb.is • Fréttavefur: www.bb.is • Lausasöluverð er kr. 200 eintakið m. vsk. • Áskriftarverð er kr. 170 eintakið • Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukort



„Hluti af sjónarspili Sjálfstæðisflokksins þegar koma þurfti nýjum manni í fyrsta sæti“

Halldór Jónsson skrifar

Á undanförunum árum hefur fjölmiðlun breyst mjög. Umfjöllun í fjölmiðlum er orðin gagnrýnni og þar er reynt að kryfja til mergjar hvað raunverulega gerist hverju sinni. Þessu hefur fylgt að hætt eru að birtast gagnrýnilaus viðtöl við einstakar persónur í ætt við ævisögulist okkar Íslendinga lengst af. Nefnilega að sögumaður er mestur og bestur og allt sem miður fór var öðrum að kenna.

Því fannst þeim er þessa grein ritar að hann væri komin mörg ár aftur í tímann er hann fékk í hendur BB þann 27. febrúar s.l. Þar er að finna margra síðna viðtal við Halldór Halldórsson bæjarstjóra á Ísafirði. Nú er ritstjórn BB auðvitað í sjálfsvald sett hvernig viðtöl birtast í blaðinu en heldur þótti mér þetta bera blaðinu lélega söguna. Viðtalið er í ætt við það versta sem tíðkast hefur í íslenskum fjöl-

miðlaheimi. Þar er einnig sagnfræðinni ekki gert hátt undir höfði og var þó stutt að fara til þess að njóta kennslu í þeim fræðum.

Af rekstri sveitarfélagsins

Bæjarstjórnin fer mörgum orðum um hvað rekstur sveitarfélagsins hefur batnað og hvað mikil hagræðing hafi átt sér stað. Betur ef satt væri. Engar tölur eru þó nefndar þessu til staðfestingar. Þeir sem lesa reikninga bæjarins vita betur. Því miður er reksturinn á engan hátt í samræmi við tekjur eins og makalaus til-löguflutningur við umræður um fjárhagsáætlun yfirstandandi árs staðfesti. Því miður hafa bæjarfulltrúar ekki haft kjark til þess að laga reksturinn að raunveruleikanum. Salan á

Sjálfumgleði og sögufölsun

Orkubúinu linar þjáningar en lækna ekki nema á vanda-málunum sé tekið. Sameining sveitarfélaganna hefur því miður ekki verið kláruð hvað reksturinn varðar. Þjónustan þarf ekki að minnka en hún getur breyst og orðið ódýrari. Þetta vita bæjarbúar í öllum byggðarkjörnum sveitarfélagsins.

Ungmennafélagsmótið

Á brjóst ber hann sér fyrir það að hafa hætt við ungmennafélagsmótið og hvað það hafi verið ábyrg ákvörðun. Staðreyndin er sú að öll meðferð þess máls varð bæjaryfirvöldum til háborinnar skammrar. Það var öllum ljóst frá upphafi af hvaða stærðargráðu þetta mótskald yrði peningalega séð. Klaufaskapurinn sem einkenndi það mál eftir aðkomu bæjaryfirvalda er afskaplega sorglegur svo ekki sé meira sagt. Við Ísfirðingar verðum lengi að vinna upp þann álitshnekki sem við biðum vegna málsmeðferðar bæjaryfirvalda í því máli.

Atvinnumálin

Bæjarstjórnin rekur hvernig bærinn gerði allt sem í hans valdi stóð til þess að bjarga því sem bjargað varð þegar Básafell var að liðast í sundur eins og hann kys að orða það. Ekkert er fjarri sanni. Það er ekki gaman fyrir mig að fara að rekja þá sorgarsögu en sannleikann veit ég. Því miður gerði bæjarstjórnin og bæjarstjórnin afskaplega lítið til þess að koma í veg fyrir að Básafell yrði liðað í sundur og flutt úr bænum. Raunar má fullyrða að bæjarstjóri og einstakir bæjarfulltrúar hafi beinlínis ýtt undir þá þróun með gjörðum sínum. Það er hin nóturlega staðreynd.

Stöðugleiki

Í viðtalinu er rakið hversu mikill stöðugleiki ríki nú í bænum því ekki hafi verið skipt um meirihluta allt þetta kjörtímabil. Þetta er rétt. Meirihluti og minnihluti hafa staðið saman um að horfa á hlutina gerast og staðið aðgerðalaus hjá að mestu. Gagnrýnin hefur jafnan komið þegar

fólk hefur staðið frammi fyrir orðnum hlut. Ef að það er stöðugleiki að þegja þunnu hljóði með hendur í skauti má ég þá frekar biðja um óstöðugleika. Að vilja ráða einhverju um framtíð sína getur kostað það að hrópa þurfi á torgum.

Flokkspólitísk framboð

Halldór kemur vel inná þau vandræði og hagsmunarárekstra sem eru samfara flokkspólitískum framboðum í sveitarfélögum eins og Ísafirði. Staðreyndin er sú að því miður hefur stjórnmalaflokkunum ekki tekist að mynda nógu samstæða sveit manna til þess að takast á við málefni sveitarfélagsins með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Hann kys hinsvegar að halda í flokkslistana í viðtalinu af ástæðum sem öllum eru nú ljósar.

Sjónarspil Sjálfstæðisflokksins

Það er öllum ljóst að viðtal BB við Halldór Halldórsson var hluti af sjónarspili Sjálf-

stæðisflokksins þegar koma þurfti nýjum manni í fyrsta sæti á lista flokksins. Nefnilega Halldóri sjálfum. Hvort að blaðið tók þátt í því sjónarspili verða aðstandendur þess að svara. Ég trúir því nú raunar ekki. Trúlega hafa þeir ekki vitað hvernig var í pottinn búid. En það tókst og þar við situr.

Tökumst á við framtíðina

Byggð á Vestfjörðum á í vanda. Þeir sem hér vilja og ætla að búa þurfa að takast á við þann vanda. Öðruvísi verður hann ekki leystur. Þar verða að víkja þröngir einkahagsmunir og þröngir flokkshagsmunir. Vandinn verður ekki leystur með því að telja sér trú um að hann hverfi af sjálfum sér. Hann verður heldur ekki leystur með sjálfumgleði og sjálfshóli. Sjálfstæðisflokkurinn í Ísafjarðarbæ hefur ákveðið að leggja allt sitt undir í baráttu um atvinnuöryggi eins manns. Nefnilega að tryggja atvinnu Halldórs Halldórssonar. Önnur framboð verða að huga að öllum hinum. Það verður gert.



„Sveitarstjórn, sem gerir ekki allt sem hún megnar til að bregðast við atvinnuleysi, bregst trúnaði fólksins“

Magnús Reynir Guðmundsson skrifar

Vinnu fyrir alla

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skulu sveitarstjórnir vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma. Ein megin stoð velferðar er að íbúamir hafi tryggja atvinnu við sitt hæfi og geti þannig byggt upp líf sitt og fjölskyldu sinnar. „Vinnan göfgar manninn“ segir máltækið og líf án vinnu er erfitt, óöruggt og niðurdrepani. Atvinnuleysi er eitt versta vandamálið sem hrjáir samfélög vorra tíma og leiðir oft til upplausnar og ófriðar. Eldra fólk á Íslandi man þá tíma, þegar litla sem enga atvinnu var að fá og kann því að meta vinnuna og það öryggi sem henni fylgir. Við Íslendingar búum sem betur fer við lítið atvinnuleysi ef miðað er við margar nágrannaþjóðir okkar. Hér á landi á að vera vinna fyrir alla, enda verkefnið næg, ef að er gáð. Atvinnurekendur, þ.e. þeir sem þurfa á fólki að halda til að vinna hin ýmsu störf, eru afar mikilvægir hverju samfélagi, þótt oft séu þeir og sérstaklega ákvarðanir þeirra umdeildar. Það er mikilvægt fyrir Ísafjarðarbæ að hafa sterk og öflug fyrirtæki sem veita

atvinnuöryggi.

Bæjarstjórn ber að krefjast réttlætis

Á síðustu árum hefur sterkum og öflugum atvinnufyrirtækjum í Ísafjarðarbæ fækkað mikið og margir, sem áður störfuðu hjá þessum fyrirtækjum, hafa misst vinnuna. Þeir eru nú einhverjir atvinnulausir eða hafa leitað til annarra sveitarfélaga eftir vinnu.

Þegar fólk missir vinnuna, margt eftir áratuga starf hjá sama fyrirtækinu, þá er eins og fótum sé kippt undan tilveru þess. Það missir það öryggi sem góð og örugg vinna hefur veitt því í gegnum tíðina. Og ef það fær ekki nýja vinnu í heimabyggðinni og neyðist til að leita í aðra landshluta, þarf það að hrökklast frá húsum sínum, sem oft er ekki hægt að selja, og verður að leigja húsnæði á nýjum stað fyrir háar upphæðir. Það missir tengslin við vini sína og nágranna og saknar heimahaganna. Líf þessa fólks er í uppnámi. Og flest af þessu fólki vill helst hvergi annars staðar vera en á þeim stað sem hefur fóstren að það og látið því líða vel á meðan allt lék í lyndi. Á meðan

atvinnan var trygg og örugg. Á meðan réttlæti ríkti í landinu. Það er beinlínis rangt, sem ýmsir sem ekki þekkja til halda fram, að hér í Ísafjarðarbæ vilji fólk ekki búa, fái það að nýta þá kosti sem landið og sjórinn gefur.

Hagsmunir flokkanna víki

Því eru nú þessi orð sett á blað, að minna á skyldur sveitarstjórna til að vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna. Sveitarstjórn, sem gerir ekki allt sem hún megnar til að bregðast við atvinnuleysi, sem upp kemur, bregst trúnaði fólksins. Hún á að nota alla krafta sína til að krefjast úrbóta og réttlætis. Hún á liðka fyrir þeim góðu fyrirtækjum, sem fyrir eru á svæðinu, til að þau geti fært út kvíar sínar og fjölgað störfum. Hún á að taka undir þær sjálfsögðu kröfur, ábyrgra stjórnmalamanna, sem segja að við eigum að fá að nýta alla möguleika okkar til lands og sjávar og hún á að krefjast breytinga á þeim ólögum, sem hafa heimilað fólki og fyrirtækjum að flytja frá okkur lífsbjörgina, án þess að nokkuð kemmi í staðinn. Sveitarstjórnarfólk á að gæta

sjálfsvirðingar sinnar og flytja mál sitt gagnvart ríkisstjórn og ráðherrum með reisu og af einurð og festu, en ekki taka undir með þeim, sem augljóslega vinna gegn hagsmunum okkar byggðarlags. Sveitarstjórnarmenn og konur eiga að nýta þá möguleika sem felast í því að eiga valdamikla flokksbræður og flokksystur á Alþingi. Sjálfstæðis- og framsóknarfólk í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefði fyrir löngu átt að láta brjóta á sér þegar ríkisstjórnin hefur hunsað sjálfsagðar kröfur fólksins í hinum dreifðu byggðum Íslands til að fá að lifa af í sinni heimabyggð. Tillögur um einhverjar milljónir sem dúsu til sjávarbyggða í stað ákvörðunar um að banna sjómönnum og fiskvinnslufólki að stunda sína sérgrein áfram, eru einhver grófasta móðgun sem landsbyggðafólk hefur orðið fyrir frá núverandi ríkisstjórn.

Sveitarstjórn sem situr undir slíkri móðgun er ekki starfi sínu vaxin.

Stöndum saman að endurreisn

Í okkar bæjarfélagi, Ísa-

fjarðarbæ, finnst mörgum að ekki hafi verið nógu vel unnið á líðandi kjörtímabili. Finnst að bæjarstjórnin hafi ekki unnið sem skyldi að málum þeirra, sem misst hafa vinnuna. Finnst að lítið hafi komið í stað þeirra hundruða starfa sem tapast hafa í sjómennsku og fiskvinnslu, svo dæmi séu

tekin. Hér þarf að verða breyting á til batnaðar. Við verðum, þótt erfitt kunni að reynast, að byggja upp grunninn, sem tilvera Ísafjarðarbæjar hefur byggst á og kemur til með að byggjast á um ókomin ár. Við verðum að standa saman.

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Augnlæknir

verður með móttöku á Ísafirði dagana
18. - 22. mars

Háls-, nef- og eyrnalæknir

verður með móttöku og aðgerðir á Ísafirði
dagana 21. - 23. mars

Tímáparentanir síma 450 4500, á milli kl.
8,00 - 16,00 alla virka daga.



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
 Símar: 456 3940 & 456 3244
 Fax: 456 4547 – Netfang: tryggvi@snerpa.is

- Einbýlishús /**
- Hlíðarvegur 14:** 170,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt risi. Húsið er mikið endurnýjað, ekkert áhvilandi. **Tilboð óskast**
- Hlíðarvegur 26:** 259 m² einbýlishús á tveimur hæðum, á neðri hæð er 70 m² íbúð sem hægt er að leigja út. **Skipti á minni eign möguleg. Tilboð óskast.**
- Hlíðarvegur 46:** 186 m² endaraðhús á þremur hæðum. Fallegt útsýni. Séríbúð á neðstu hæð. Skipti á minni eign möguleg. **Verð 8,9 m.kr.**
- Hrannargata 1:** 238,9 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt kjallara, háalofti og ræktuðum garði. **Tilboð óskast**
- Lyngholt 10:** 151,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 55,2 m² bílskúr. **Verð 12,9 m.kr.**
- Mánagata 9:** 191,7 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr, kjallara og garði. Húsið er allt að mestu endurnýjað. **Tilboð óskast**
- Móholt 9:** 194,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr **Verð 12,9 m.kr.**
- Seljalandsvegur 72:** 112 m² einbýlishús á tveimur hæðum, góður sólpallur. **Verð 8,2 m.kr.**
- Smíðjugata 11a:** 150 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara, risi og bílgeymslu. Húsið allt nýmálað að utan. Skoðum öll tilboð. **Verð 6,1 m.kr.**
- Sunnuholt 6:** 231 m² glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Hægt að hafa 80 m² séríbúð á neðri hæð. Skipti á minni eign á Eyrinni koma til gr. **Verð 15,5 m.kr.**
- Urðarvegur 27:** 190,5 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. Skipti á minni eign möguleg. **Verð 13,5 m.kr.**
- 4-6 herb. íbúðir**
- Hafnarstræti 4:** 176 m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð ásamt rislofti og helm. af geymslu í kjallara. **Verð 7,5 m.kr.**
- Smíðjugata 7:** 96,1 m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. **Tilboð óskast**
- Stórholt 11:** 122,9 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð til vinstri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og bílskúr. **Tilboð óskast**
- 3ja herb. íbúðir**
- Hlíf II:** 65,7 m² íbúð á 4ju hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 5,2 m.kr. **Verð 7,3 m.kr.**
- Pólgata 6:** 70 m² íbúð á 1. hæð til hægri í fjölbýlishúsi. Áhv. ca. 2,4 m.kr. **Verð 3,7 m.kr.**
- Silfurgata 11:** 56,2 m² (75m² gólfloður, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ötrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**
- Stórholt 13:** 79,2 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju ásamt sér geymslu. **Verð 4,5 m.kr.**
- Sundstræti 34:** 93 m² ný íbúð á 2. hæð í nýju fjölbýlishúsi ásamt 31 fm. bílgeymslu. **Verð 9,1 m.kr.**
- 2ja herb. íbúðir**
- Aðalstræti 24:** 74,6 m² íbúð 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Tilboð óskast**
- Aðalstræti 24:** 62 m² íbúð á 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Tilboð óskast**
- Brunngata 12a:** 57,4 m² íbúð í mjög góðu standi á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt sér geymslu og þvottahúsi í kjallara og eignarlóð. **Tilboð óskast**
- Engjavegur 33:** 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Tilboð óskast**
- Hlíðarvegur 27:** 49,9 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Áhv. ca. 555 þús.kr. **Tilboð óskast**
- Hlíf II, Torfnesi:** 50,4 m² íbúð á 3. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 3,7 m.kr. Laus strax. **Verð 6,3 m.kr.**
- Seljalandsvegur 58:** 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalds bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. **Tilboð óskast**
- Sundstræti 22:** 68 m² 2ja-3ja herb. íbúð á jarðhæð í fjörbýlishúsi. **Verð 4 m.kr.**
- Túngata 3:** 80,7 m² íbúð á 2. hæð ásamt rislofti. **Verð 4,5 m.kr.**
- Verslunarhúsnæði**
- Hrannargata 2:** 164,1 m² verslunarhúsnæði á 1. hæð og kjallara. Húsnæðið er tilvalið fyrir rekstur verslunar og/eða videoleigu. Verslunarinnréttingar geta fylgt með. **Verð 6,3 m.kr.**
- Suðureyri**
- Aðalgata 2:** 136 m² 6 herbergja sér íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. **Verð 6,2 m.kr.**
- Aðalgata 2:** 124,2 m² neðri hæð í tvíbýlishúsi, fyrrverandi pósthús með öllum tilheyrandi innréttingum. **Verð 6 m.kr.**
- Atvinnuhúsnæði**
- Mánagata 4- (Herkastalinn):** Gistiheimili og/eða 6 leiguíbúðir. **Verðhugmynd 10 m.kr.**
- Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1**

Skíðasvæði Ísfirðinga

„Dalirnir tveir“ fá heimasíðu

Heimasíða til kynningar á skíðasvæðum Ísfirðinga í Tungudal og á Seljalandsdal voru opnaðar á föstudag. Á síðunni, sem nefnist „Dalirnir tveir“, kennir margra grasa. Þar er hægt að fara inn á veðurmynda-vél frá skíðasvæðinu, fræðast um sögu þess og skíða-íþróttarinnar á Ísafirði sem og að fá upplýsingar um hvað helst er á döfinni á Vestfjörðum hverju sinni svo fátt eitt sé nefnt.



Einnig er hugmyndin að uppfæra daglega upplýsingar um veður og færð á skíðasvæðunum. Rúnar Óli Karlsson, atvinnu- og ferðamálafultrúi Ísafjarðarbæjar, hefur séð um efnisöflun uppsetningu síðunnar, sem var ofin af Baldri Pál Hólms-

Forsíða vefjarins „Dalirnir tveir“.

geirssyni. Rúnar Óli segist ánægður með endanlegt útlit síðunnar og væntir þess að hún eigi eftir að efla framgang skíðasvæðisins og skíðaíþróttarinnar í Ísafjarðarbæ nokkuð. Að hans sögn er vinnu við síðuna þó ekki lokið því brátt mun opna sérstakur Skíðavikuvefur innan hennar þar sem dagskrá Skíðaviku verður tíunduð og getraunir verða hvern dag. Heimasíðu skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar er að finna á slóðinni www.isafjordur.is/ski.

www.bb.is – Dagblað á netinu!

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Finn kostur á ferðalögum

Flugkortið er greiðslu- og viðskiptakort ætlað fyrirtækjum í viðskiptum við Flugfélag Íslands

- Flugferðir
- Hótel
- Veitingar
- Bílaleiga
- Fundaraðstada
- Eldsneyti

Allt að 20% afsláttur af Flugkortsþéttu
 Með Flugkortið má greiða flugansæla með Flugfélagi Íslands, bíla-leigubíli, hótelpóttunni, mat í veitingastöðum og ýmsu öðru þjónustu hjá vörðum fyrirtækjum í samstarfi við Flugfélagið. Notkun kortans hefur einnig í för með sér ýmsa sérþjónustu og tilbúðir ásemt því heparði sem hjálpa sundurliðuðu rekninga-gjöldum sem Flugkortsþéttu er sent mánaðarlega.

Útveitendur sparnælar
 Viðskipti með Flugfélagi Íslands í för með sér allt að 20% afslátt af viðskiptum við Flugfélag Íslands og Flugkortsþéttu eru sett tryggð betri kjör hjá samstarfsaðilum en annars staðar, séu það einnig lögligt grundvallar.

Upplýsingar hjá Fyrirtækisþjónustu Flugfélaga Íslands sími 570 3900, Fax 570 3001 Netfang: flugkorts@flug.island.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
 Fyrirtækisþjónusta

Those Were the Days
Með lifandi tónlist frá 1960 til 1970
laugardagskvöldið 16. mars
örfá sæti laus

Vegna fádæma góðra undirtekta verður aukasýning laugardagskvöldið 23. mars

Hljómsveitin og söngvarar eru
Jón H. Engilbertsson gítar, Samúel Einarsson hljómborð, Karl Jónsson trommur, Óli Petur Jakobsson bassi, Jónatan Einarsson píand - söngur, Þórunn Snorradóttir söngur, Guðmundur Ó. Reynisson söngur

Nú verður aðaláhersla lögð á lifandi tónlist og að sjálfsögðu góðri kvöldstund þar sem þið upplifið anda og tónlist 7. áratugarins.

BOÐIÐ VERÐUR UPP Á GÓÐAN OG VANDABAN PRIGGA RÉTTA KVÖLDVERÐ UNDIR STJÓRN ÞORSTEINS ÞRÁINSSONAR MATREIÐSLUMEISTARA
Miðaverð 3.800,-
MÍÐA OG BOÐAÐARÞINGANIR Á SÍMA 456-3985 (PIZZA 67)

Framboðslisti Framsóknarflokksins

Guðni Geir skipar efsta sætið

Guðni Geir Jóhannesson, bæjarfulltrúi, skipar efsta sætið á lista Framsóknarflokksins fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor. Þetta var ákveðið á fundi stjórnar Framsóknarfélags Ísafjarðarbæjar sem haldinn var á fimmtudagskvöld.

Eftirtaldir átján einstaklingar skipa listann fyrir kosningar í vor:

1. Guðni Geir Jóhannesson, Ísafirði. 2. Svanlaug Guðnadóttir, Ísafirði. 3. Björgmundur Guðmundsson, Flateyri. 4. Jón Reynir Sigurvinsson, Ísafirði. 5. Guðríður Sigurðardóttir, Ísafirði. 6. María Vals-

dóttir, Þingeyri. 7. Sigríður Magnúsdóttir, Flateyri. 8. Þorvaldur Þórðarson, Suðureyri. 9. Elías Oddsson, Ísafirði. 10. Hildigunnur Guðmundsdóttir, Bíldudal. 11. Jón Reynir Sigurðsson, Þingeyri. 12. Ásvaldur Guðmundsson, Þingeyri. 13. Gréta Gunnarsdóttir, Ísafirði. 14. Bergsveinn Gíslason, Dýrafirði. 15. Hrafn Guðmundsson, Ísafirði. 16. Steinþór Ólafsson, Dýrafirði. 17. Þröstur Óskarsson, Ísafirði. 18. Sigurður Sveinsson.

Segir Svanlaug Guðnadóttir, sem er í öðru sæti listans, að mikil samstaða hafi

verið um skipan listans og til laga uppstillingarnefndar verið samþykkt samhljóða. Sjálf segist hún ekki vera alveg ókunn þessum málum því hún hafi átt sæti á framboðslistum flokksins í kosningum síðustu árin, en hins vegar hafi hún aldrei verið í baráttusæti eða mjög ofarlega á lista. Nú væri hún hins vegar að ljúka námi í vor og hefði þar af leiðandi meiri tíma aflögu til að sinna framboðsmálum og bæjarpólitík. Telur Svanlaug að flokkurinn eigi góða möguleika að fá tvo fulltrúa kjörna í kosningunum í vor.

Afl fjárfestingarfélag

Eykur enn hlut sinn í Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru hf.

Á miðvikudag í síðustu viku barst Verðbréfaþingi Íslands tilkynning þess efnis að Afl fjárfestingafélag hefði keypt hlutabréf í Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru að nafnverði kr. 915.760.

Voru bréfin keypt á genginu 6,13 þannig að félagið greiddi

fyrir þau rúmlega 5,6 milljónir króna. Eignarhlutur Afls fjárfestingafélags eftir kaupin nemur kr. 120.207.598,- að nafnverði en var áður kr. 115.861.838. Aðaleigandi Afls og stjórnarformaður er Þorsteinn Vilhelmsson en hann á jafnframt sæti í stjórn

Hraðfrystihússins-Gunnvöru. Í vikunni þar á undan keypti Afl fjárfestingafélag hlutabréf í fyrirtækinu að nafnverði kr. 73.520.003. Voru bréfin þá keypt á genginu 4,90 en það hefur hækkað nokkuð síðan og var komið í 6,13 í síðustu viku.



Styrkir til atvinnumála kvenna

Félagsmálaráðuneytið hefur á þessu ári heimild til að úthluta í styrki 20 milljónum króna til atvinnumála kvenna.

Tilgangur styrkveitinga er einkum að auka fjölbreytni í atvinnulífi, viðhalda byggð um landið og efla atvinnutækifæri á landsbyggðinni, auðvelda aðgang kvenna að fjármagni og draga úr atvinnuleysi meðal kvenna.

Áhersla er lögð á að greinargóð lýsing á verkefni fylgi umsókn, sundurliðuð kostnaðaráætlun svo og að fram komi hvort leitað hafi verið til annarra um fjárstyrk.

Helstu reglur um styrkveitingar eru:

- Forgang njóta nýsköpunarverkefni sem þykja líkleg til að fjölga atvinnutækifærum kvenna. Svæði þar sem hlutfall atvinnulausra kvenna er hátt og fábreytni í atvinnulífi eru þar með talin.

- Allar konur hvaðanæva af landinu geta sótt um styrk.

- Styrkir eru ekki veittir til verkefna þar sem styrkveiting gæti skekkt samkeppnisstöðu gagnvart aðila í hliðstæðum atvinnurekstri.

- Stofnstyrki er heimilt að veita að hámarki 25% af stofnkostnaði til véla og tækjakaupa og einnig vegna húsnæðis til hópa.

- Ekki eru veittir rekstrarstyrkir.

- Ekki eru veittir styrkir til listiðnaðar en tekið er tillit til nytjalistar.

- Ekki eru veittir styrkir til tímabundinna verkefna sem ekki eru atvinnuskapandi.

- Ekki eru veittir styrkir til verkefna sem njóta greiðslna úr almannatryggingakerfinu.

- Framlag af hálfu ríkisins fer aldrei yfir 50% af heildarkostnaði við verkefnið.

- Hámarksstyrkur á verkefni er 2,5 milljónir króna.

- Til að verkefnið sé styrkhæft í annað eða þriðja sinn þarf fyrir að liggja greinargerð vegna fyrri styrkveitinga.

- Vegna mikils fjölda umsókna má búast við að styrkveitingar nái hvorki ofangreindum hámarkshlutföllum eða -upphæð.

Umsóknareyðublöð fást á Vinnumálastofnun, Hafnarhúsi við Tryggvagötu, Reykjavík, sími 515 4800 og á heimasíðu stofnunarinnar www.vinnumalastofnun.is. Umsóknareyðublöð er einnig hægt að nálgast hjá Impru, löntæknistofnun og hjá atvinnu- og iðnráðgjöfum á landsbyggðinni. Umsóknarfrestur er til **5. apríl 2002**.

Umsóknir eru metnar af sérstökum ráðgjafarhópi sem starfar á vegum Vinnumálastofnunar. Við mat á einstökum hugmyndum veiga nýnæmi og raunhæfni mestu.

bb.is Dagblað á netinu!

smáar

Óska eftir **snjóbretti** fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 456 4428 og 691 4365.

Til sölu er **Hókus Pókus** stóll. Verð kr. 5.000. Uppl. í síma 456 3608.

Til sölu er **Skoda** Favorite árg. 1995 með lokuðum kassa, ekinn 60 þús. km. Uppl. í síma 892 4844.

Gullfiskaskál eða lítið fiskabúr óskast (mætti vera með nokkrum fiskum). Uppl. í síma 456 4542.

Íbúð eða húsnæðis óskast (5 herb.) óskast til leigu í mánuð, frá maí til júní. Upplýsingar í síma 862 0501 og 555 4771.

Tveir **barnabístólar** (0-16 kg) til sölu. Upplýsingar í síma 456 3888.

Svört Ray-ban sólgleraugu **töpuðust** í neðri bænum á Ísafirði í síðustu viku. Finnandi hafi samband í síma 690 7172.

Til sölu er hvítur Ibanez **rafmagnsgítar**. Upplýsingar í síma 698 5355.

Óska eftir að kaupa ódýrt **snjóbretti**, bindingar og skó. Bretti ca. 150 cm. og skór nr. 41-42. Uppl. í síma 867 4890 (Haukur).

Er með til sölu nokkur þór af notuðum **skiðaklossum**. Stærðir: 81/2, 7-8, 3-6 og tvenn þór nr. 32. Einnig skiði, 120 cm, með bindingum. Á sama stað óskast keypt 150 cm skiði með beindingum. Uppl. í síma 456 7512 og 849 8697.

Til sölu er Volkswagen **Golf**, 4x4, station, árg. 1997, ekinn 96 þús. km. Fylgihlutir: Sumardökk á álfelgum, dráttarkrökur. Skipti möguleg á ódýrari bíl. Uppl. í síma 892 1688.

Óska eftir að leigja í sumar á Ísafirði, júní-sept., 3ja herb íbúð auk stofu, eldh., baði og húsgögnum. Uppl. í síma 893 5414.

Til sölu **Toyota** Corolla á 72, nýskoðaður. Selst ódýrt. Uppl. í síma 456 4028.

Málverk 120x150 af bátum í nausti eftir Veturlíða Gunnarsson. Uppl. í síma 456 3068.

Til sölu er 4ra herb. íbúð að Túngötu 18 á Ísafirði. Íbúðin er laus. Uppl. í síma 456 4014 e.kl. 20 á kvöldin.

Óska eftir að kaupa **göngu-skiði** fyrir 8 ára krakka ásamt skóm og stöfum. Skóstærð ca. 35. Uppl. í síma 456 7295 e.kl. 17 eða í síma 691 2111.

Til leigu lítið einbýlishús á eyrinni með 2 svefnherb. Leiga 35 þús. á mánn. Uppl. í síma 863 3851.

Hundabúr óskast. Uppl. í síma 456 3388.

Til sölu **Toyota** Corolla Touring árg. '99. Kóngabíll. Uppl. í síma 456 7595.

Hreindýrakjöt til sölu. Uppl. í síma 456 5484 og 692 3580.

Til sölu **erröráhillu** og lítill glerskápur. Uppl. í síma 456 4681.

Óska eftir **klósetti**, ód. eða gefins. Uppl. í s. 869 4849.

Óska eftir **einbýlishúsi** á einni hæð. Helst inni í firði. Uppl. í síma 456 4088.

Meðleigjandi óskast að íbúð í Reykjavík. Uppl. í síma 867 2368 e.kl. 17.

Óska eftir **hamstrabúri** ódýrt eða gefins. Uppl. í síma 456 5250.

Til sölu **hillusamstæða**. Uppl. í síma 456 3014.

Til sölu Benefon **NMT** hand-farsími. Verð 15.000. Uppl. í síma 456 4664.

Ísafirðingurinn Eiríkur Örn Norðdahl hefur undanfarin ár varið megininu af sínum tíma í útlöndum. Á flakki sínu um meginland Evrópu og Skandinavíu hefur hans kynnst mörgum áhugaverðum og á köflum vafasömum persónum, þar á meðal færeyska verðlaunaskáldinu og þunglyndissjúklingnum Petur Jensen og hinum lausgirta ameríkana Amanda Lee, sem trúði því að tilgangur jarðvistarinnar væri að dreifa ástum sínum sem víðast. Ytra hefur Eiríkur unnið við skipasmíðar í Þórs höfn í Færeyjum, ræstingar um borð í drykkjupramma sem sigldi um Eystrasalt og sem matsveinn í tantra-leikskóla í Helsinki í Finnlandi. Þegar lítið hefur verið að gera hefur Eiríkur varið tíma sínum í ritstörf og gaf hann út smásögur fyrir þarsíðustu jól. Hann er nú langt kominn með sína fyrstu skáldsögu, en útgáfudagur hefur þó ekki enn verið ákveðinn.



Færeyskur þunglyndissjúklingur lausgirtur Ameríkani og tantra

„Ég hef verið að vinna að þessari skáldsögu í rúm tvö ár og er nú á þriðja uppkasti. Sagan er mjög lauslega byggð á ferðalagi sem ég fór og eftir því sem ég vinn bókina meira, því fjær færast hún sannleikanum. Þar að auki er ég að vinna að ljóðabókinni Heimsendapestir sem ég ætla að gefa út sjálfur. Mig langar að hafa hana í vönduðum umbúðum en ekki bæklingaumbroti, því þá er hætt við að fólk hendi bókinni eftir að hafa lesið hana.“

Afi barðist með nasistum í stríðinu

Eiríkur fæddist á Ísafirði fyrir tæpum 24 árum. „Ég er sonur Hrafns Norðdahl verkstjóra í Bási, eða Miðfelli eins og það heitir núna, og Herdísar Hübner grunnskólakennara. Afi minn í móðurætt var Erich Hübner. Sá var þýskur og barðist með nasistum í síðari heimstyrjöldinni. Á endanum var hann tekinn til fanga af Bretum og gerður að kokki á breskum herdalli. Til er saga af því þegar breskur generáll kom eitt sinn um borð í skipið og heimtaði að fá Yorkshire búding. Afa vantaði mót til að búa til búdinginn en dó ekki ráðalaus, heldur fór upp á dekk þar sem stóð Rolls Royce bifreið. Hann logskar eitt brettið af bílnum, skóf innan úr því og þreif það duglega og lagaði eftirmatinn fyrir generállinn sem var víst hæstánægður með árangurinn.“

Eftir stríð flutti hann til Íslands og kynntist ömmu minni, Halldóru Finnbjörnsdóttur, dóttur Finnbjörns málara á Ísafirði. Eftir að Erich

afi flutti til Ísafjarðar spilaði hann oft djass með Villa Valla, lék þar á trommur og þótti víst feikna góður.

Afi minn í föðurætt var Magnús Norðdahl. Hann var einn af stofnmeðlimum kommúnistaflokksins á Siglufirði sem vann sér það til frægðar á upphafsögum sínum að efna til samskota og safna þannig fyrir traktor sem síðan var sendur Stalín. Þannig lagði afi sitt af mörkum í byltingunni.“

Arfgeng vinstrivilla

Félagshyggjumennska Magnúsar Norðdahl virðist hafa gengið í erfðir niður karllegginn, því bæði Eiríkur og faðir hans hafa haldið sig á vinstri kanti stjórnmálanna. Þó segir Eiríkur að oft sé erfitt að átta sig á því hvar pabbi sinn sé staddur í hinu pólitíska litrófi. „Pabbi er hálfgerð flökkukind í stjórnmálum og passar illa inn í allar skilgreiningar. Hann var harður kommúnisti á sínum tíma en virðist hafa færst örlítið frá hugsjóninni.“

Er hann þá orðinn mjúkur krati í dag?

„Það er kannski ekki beinlínis hægt að segja að hann sé mjúkur. Pabbi hefur vissulega skoðanir á hlutunum og er ekki orðinn lágróma þegar hann talar um stjórnmál, síður en svo.“

Oftrú á frjálsar ástir

Eiríkur hóf sitt flakk í útlöndum fyrir um þremur árum síðan. Fyrst fór hann til Danmerkur og gekk í kennarara á Ísafirði. Eftir að Erich

alræmdu Tvind háskólum sem hafa verið mikið í fréttum að undanförmu vegna gruns um gífurleg skattsvik, heilapvott og annað miður skemmtilegt. Ég var sem betur fer ekki nema tvær eða þrjár vikur í þessum skóla. Þá var mér farið að finnast starfsemin meira en lítið vafasöm og ákvað að stinga af ásamt stelpu sem ég kynntist í skólanum. Sú heitir Amanda Lee og var Polyamorísk, eða fjölásta, og trúði því að það væri heilög skylda manna að dreifa ástum sínum eins víða og hægt væri og naut ég að vissu leyti góðs af því. Í samræmi við þessa sannfæringu sína var hún tvíkyhnheigð og ansi lausgirt.

Fyrst eftir strokið héldum við Amanda til í tjöldum í skógi rétt utan við Silkeborg, en húkkuðum okkur svo far niður til Strasbourg í Frakklandi og þaðan til Parísar, Barcelona og víðar. Við flökkuðum um Evrópu í um tvo mánuði, en í Genf í Sviss hættum við saman. Þá hafði oftrú Amöndu á frjálsar ástir valdið því að brestir voru komir í sambandið og skildu leiðir okkar og ég hélt til Berlínar.“

Ósniðugt að skrifa fullur

Í Berlín var Eiríkur í aðra tvo mánuði. „Í Berlín var ég að skrifa, eða þóttist vera að skrifa. Ég held að ég hafi lifað mig aðeins of mikið inn í bóhem-móralinn og drakk meira en góðu hófi gegndi og fór ekkert voðalega vel með sjálfan mig. Ég húkti í einhverri kytru með ritvélina mína og viskíflöskuna til hliðar og fannst ég vera orðinn sam-

blanda af Ernest Hemingway og Charles Bukowski. Það var yfirleitt mjög gaman að skrifa á þennan máta og mér fannst allt voðalega sniðugt sem kom úr ritvélinni. Daginn eftir komst ég hins vegar oftast að því að ég hafði skrifað eintóma þvælu.“

Heyrst hefur af smásögum sem þú gafst út fyrir þarsíðustu jól sem byggðar eru á persónum úr þínu lífi. Skrifadírðu einhverjar slíkar í Berlín?

„Nei, ég held að það hafi voðalega lítið orðið úr því sem ég skrifaði í Berlín. Þessar smásögur sem ég seldi fyrir jólin 2000 skrifaði ég flestar í ritlistarkúrsi hjá Nirði P. Njarðvík í Háskólanum.“

Lærði að „tosa feroyskt“

Eiríkur kom heim frá Berlín síðla árs 1999 og fór að vinna við afleysingakennslu í Grunnskólanum á Ísafirði og um helgar í sambýlinu Bræðratungu. Ekki entist hann lengi á Íslandi í það skiptið.

„Strax í mars var útþráin komin í mig aftur og stakk ég þá af til Færeyja. Fyrst um sinn var ég atvinnulaus og dundaði mér við að skrifa, en fékk svo vinnu í Tórshavnar Skipasmíðja, eða Skipasmíðastöð Þórs hafnar. Þar lærði ég að „tosa feroyskt“, eða tala færeysku og hætti að lokum að kippa mér upp við áletranir eins og „Frelsunarherurinn“ og „Bert starfsfólk.“

Þunglynt verðlaunaskáld og ofdrykkjumaður

Ein ástæða þess að Eiríkur fór til Færeyja var sú að fyrir nokkrum árum, þegar hann var að tina appelsínur á Kúbu í þágu byltingarinnar, kynntist hann fáeinum færeyskum stelpum.

„Strax eftir að ég lenti á flugvellinum í Vágar fór ég til bæjarins Sörvágur. Af ein-skærri tilviljun hitti ég þar tvær vinkonur mínar sem voru hvor á sinni ráðstefnunni sem haldin var í sömu götunni. Önnur var á vegum Þjóðveldisflokksins sem vill sjálfstæði Færeyja, en hin á vegum jafnaðarmanna sem eru á móti sjálfstæði. Ég fékk að gista hjá þjóðveldisfólkinu og um leið og ég gekk inn í þeirra búðir sá ég fólk sitja hugsí á svip, skrifandi eitthvað niður og hlustandi á Bob Marley. Ég skynjaði strax að þarna var eitthvað mikið að gerast, eða í það minnsta átti greinilega að líta út fyrir að eitthvað mikilvægt væri í gangi.“

Þetta kvöld kynntist ég því þunglyndasta gerpi sem ég hefji nokkurn tímann hitt. Sá heitir Petur Jensen og hafði fengið æðstu bókmenntaverðlaun Færeyja fyrir ljóðabókina „Ongin sól er til“, en titill bókarinnar lýsir sálarástandi mannsins mjög vel. Petur var mikill drykkjurútur og hitti ég hann sjaldan eða aldrei ófullan.

Annar dagur minn í Færeyjum byrjaði á því að Petur Jensen tilkynnti mér að hann langaði mikið að deyjja. Einnig lét hann mig vita af því að hann hafi alltaf langað til að leika í Baywatch þáttunum, en eftir þá opinberun strunsaði hann út og hljóp í sjóinn. Þegar hann hafði vaðið upp að

mitti snéri hann við, kom inn og sagði „Eiríkur, mér er kalt“. Nú er þessi maður hættur að skrifa ljóð og er farinn að syngja með rokksvéitinni Clickhaze.“

Vafasamur leigusali

Þegar Eiríkur kom til Þórs hafnar fór hann að leita sér að íbúð. „Ég fékk loks inni hjá mjög vafasömum einstaklingi. Sá er helsti eiturlyfjasalinn í Færeyjum og er mjög skuggalegur náungi. Af ýmsum ástæðum var mjög skrautlegt að búa með þessum manni, meðal annars vegna þess að hann stundaði sadómasókíst kynlíf í herberginu við hliðina og heyrðust þaðan iðulega flengingasmellir og óp sem ég skemmti mér konunglega við að hlusta á. Ekki voru þó allir jafn ánægðir með þessar aðfarir stráksa. Einn föstudaginn flutti kona í næstu íbúð. Þá um kvöldið var kátt í dýflissunni og einnig á laugardagskvöld. Lætin hafa eflaust sært blygðunarkennd konunnar, því á sunnudegi sagði hún upp íbúðinni.“

Allt varð að vera í röð og reglu

„Þegar þessi vandaði leigusali minn var í rúskasti, eins og hann yfirleitt var, stóð stöðugur straumur fólks í fíkniefnaleit heim til okkar. Stundum hvarf maðurinn í einhvernum tíma, en það þýddi ekkert endilega að fólk hatti að koma.“

Það kom svo reglulega fyrir að hann ætlaði að taka sig á og hætta í ruglinu. Þegar svo leiðis stóð á, varð hann voðalega smámunasamur og hund-

leiðinlegur. Þá varð allt af vera fullkomið og í röð og reglu. Eitt sinn fór hann að hundskamma mig fyrir að vera að tala við fólk þegar hann var að reyna að sofa og lét ófriðlega því ég hafði vogað mér að skilja eftir einn óhreinan disk í vaskinum í eldhúsinu. Ég gerði þau mistök að spurja hann á móti hvenær hann ætlaði eiginlega að gera við glugga í herberginu mínu, glugga sem hann hafði kýlt í gegnum nokkru áður. Þá gekk hann upp að mér, horfði stíft á mig og sagði djúpri röddu:

„Ég þekki menn“. Þá stoppaði ég svolítið í sporunum, því ég vissi af eigin reynslu að hann þekkti mestu skítseyði eyjanna, menn sem að ég kærði mig ekkert um að kynnst.

Eftir þetta töluðumst við ekkert við í nokkurn tíma og ég reyndi að forðast hann. Svo

ngur, ra-jógi

kom hann að lokum upp að mér voðalega aumur og bað mig innilega afsökunar og sagði að ég ætti ekki að taka mark á þessu rugli í sér.”

Poldi stutt við í íslenskunámi

Eftir að hafa umgengist fær-eynska ógæfumenn í nokkurn tíma kom Eiríkur aftur heim til Íslands. „Þá fannst mér tími til kominn að fara að mennta mig. Ég hóf nám í Íslensku í Háskólanum haustið 2000, en fór fljótlega að finnast það leiðinlegt og hætti í nóvember. Fram að jólum bjó ég í einhverri holi í Reykjavík og lifði á því að selja smásögurnar sem ég hafði skrifað stuttu áður.

Eftir áramót dundaði ég mér við að skrifa ljóðabókina „Heilagt stríð –runnið undan rifjum drykkjumanna“ sem ég gaf út í mjög takmörkuðu upplagi í maí. Að öðru leyti gerði ég fátt merkilegt þá um vorið.”

Spilaði á gítar fyrir smáaura

Síðasta sumar var Eirík farið að langa aftur til útlanda. „Tveir vinir mínir, þeir Grímur og Varði, höfðu fengið þá hugmynd að gera heimildamynd um ferðalag þess síðarnefnda um Norðurlönd. Ég ákvað að slást í för með þeim og í júní var haldið af stað með ferjunni Norrænu.

Við stoppuðum fyrst í Fær-eyjum. Þar vorum í nokkra daga, spiluðum á gítar á götunum fyrir smáaura og sváfum úti. Síðan var haldið til Bergen í Noregi og að lokum til Þrándheims. Þetta ferðalag



var kvikmyndað og kemur bráðlega út mynd og geisladiskur þar sem ég á tvö lög.

Meðan ég var í Þrándheimi dundaði ég mér við að þýða ljóð ameríska skáldsins Allen Ginsberg. Þær þýðingar eru nú í skoðun hjá Forlaginu og verða jafnvel gefnar út á næstunni.”

150 krónur á tímunn

„Ég þoldi ekki lengi við í Noregi, því fyrir utan nokkrar undantekningar eru Norðmenn leiðinlegasta fólk í heimi. Ég flúði þess vegna til Helsinki í Finnlandi og fór að búa með tantra-jóganum Halldóri. Þar komst ég að því að Guðjón Bergmann, sá sem sér um tantra kynlífsþættina á Skjá einum, veit ekkert um tantra-jóga. Þess má geta að tantra-jógar eru skírlífir og líta alls ekki á kynlíf sem eitthvað tótmundargaman sem menn eigi að stunda sér til ánægju.

Fljótlega eftir komuna til Helsinki fór ég að vinna við að þrifa ferju sem siglir reglulega milli Helsinki og Stokkhólms. Finnar nota ferjuna ekki til að ferðast, heldur til að drekka tollfrjálst brennivín.

Þessi vinna var alger hörmung og engin tilviljun að ég gat strax fengið vinnu þarna. Ég fékk sama og ekki neitt fyrir þessa manndrápsvinnu og þess má geta að ég var eini hvíti maðurinn í þessu starfi. Maður mætti í vinnuna klukkan tíu að morgni og hitti þá fyrir haugadrukka farþega sem höfðu tínt hinu og þessu um borð og þurfti ég yfirleitt að byrja á því að leita fyrir þá áður en hægt var að þrifa. Einn morguninn hitti ég farþega sem hafði tínt öðrum skónum sínum. Eftir mikla leit fann ég skóinn undir dýnu í einhverri káetu þar sem búið var að hella tíu lítrum af bjór í ruslunnu og æla svo duglega ofaní allt saman. Þetta þurfti ég svo að þrifa.

Það tók mig alltaf klukkutíma að labba í vinnuna og annan klukkutíma að labba úr henni. Svo þurftum við um það bil annan hvern dag að fara í tímafrelka yfirheyrslu í tollinum. Fyrir þann tíma fengum við ekkert borgað. Einn daginn þegar ég var á leið til vinnu fór ég að reikna þessar tafir allar inn í launin og komst að því að ég var með um það bil 150 krónur á tímunn. Þá snéri ég við í spor-

inu og sá þessa ferju aldrei aftur.

Halldór vinur minn reddaði mér þá vinnu í eldhúsinu á tantra-leikskóla, sem var í engu frábrugðinn venjulegum leikskóla nema fyrir það að ekkert kjöt var á boðstólnum fyrir börnin. Ég fór svo heim til Íslands í jólafríinu og ætlaði alltaf að fara aftur út til Finnlands, en komst svo að því að skuldastaðan var orðin það slæm að ég varð eiginlega að flytja aftur á Hótel mömmu.”

Bandarískar bókmenntir í Berlín?

Í augnablikinu er Eiríkur að vinna sem þúsundþjalasmiður í Grunnskólanum á Ísafirði. „Þar vinn ég við heimanámsaðstoð, frímínútnagæslu og eldhússtörf svo fátt eitt sé nefnt. Ég er ekkert að kenna í bekkjum, en hef reyndar áður unnið við afleysingakennslu.

Ég kem til með að vinna þarna fram á sumar og þarf svo að ákveða hvað mig langar að gera. Ég hef verið að spá í að læra um bandarískar bókmenntir í John F. Kennedy institute í Berlín, en hvað úr því verður á eftir að koma í ljós.”

Snjóflóðavarnir í Bolungarvík - Traðarhyrna

Mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **13. mars til 24. apríl** 2002 á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar og á bókasafni Bolungarvíkur. Einnig liggur skýrslan frammi í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Matsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Náttúrustofu Vestfjarða: <http://www.snerpa.is/nv/>.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **24. apríl** 2002 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást enn fremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun.

Loftstokkahreinsun

Hreinsum öll loftræstikerfi. Verðum á Ísafirði og nágrenni næstu daga, frá 13. mars.

Uppl. í sínum 893 3397 og 567 0882

Almennir stjórn mála fundir Sjálfstæðisflokksins á Vestfjörðum

Fyrirhugað er að halda almenna stjórn mála fundi þingmanna og kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi á næstu dögum og vikum. Á Vestfjörðum verða fundir haldnir á Patreksfirði, Ísafirði, Bolungarvík og á Hólmavík. Fundurinn á Ísafirði verður haldinn miðvikudaginn 20. mars kl. 20 á Hótel Ísafirði. Framsögumenn verða Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra og Guðjón Guðmundsson, alþingismaður.

Í Bolungarvík verður haldinn fundur fimmtudaginn 21. mars. Framsögumenn þar verða alþingismennirnir Vilhjálmur Egilsson og Guðjón Guðmundsson. Fimmtudaginn 4. apríl verður síðan fundað á Patreksfirði. Þar verða framsögumenn þeir Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra og Vilhjálmur Egilsson, alþingismaður. Þessi fundur var fyrirhugaður 7. mars, en var frestað. Á Hólmavík verður síðan fundað miðvikudaginn 13. mars kl. 20 í Café Riis. Framsögu þar hafa alþingismennirnir Guðjón Guðmundsson og Vilhjálmur Egilsson.

Um orkumál og fleira

Orkumál á Vestfjörðum eru nú töluvert til umræðu á Alþingi. Má þar nefna tillögu Karls V. Matthíassonar um virkjun Hvalsár á Ströndum og ennfremur virkjun afrennslis á Glámu sem leitt yrði um jarðgöng í Hestfjörð. Nú er til athugunar sjávarfalla virkjun í sambandi við nýja brúargerð um Kolgrafarfjörð á Snæfellsnesi. Þá kemur mér til hugar hvort ekki ætti að kanna möguleika á slíkri virkjun í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi í sambandi við væntanlega vega- og brúargerð um Hrútey.

Vestasta sundið er breitt og grunnt þannig að þar kæmi sennilega garður undir veg sem myndi auka rennsli á austara sundinu verulega. Austara sundið er 10-12 faðma djúpt og sléttir hamravggir að því beggja megin. Þegar ég var

hafnsögumaður á Ísafirði, leiðbeindi ég oft skipum Hafnarsóknarstofnunar og öðrum stærra skipum um Djúpið. Eitt sinn vorum við, við rannsóknir á Mjóafirði, á gamla Hafþóri sem var 300 tonn og gekk 9 mílur á klst., og höfðum ekki tíma til að bíða eftir fallaskiptum því fiskifræðingarnir þurftu að ná kvöldflugi frá Ísafirði.

Komið var hörku aðfall og stórstreymt að auk. Við létum vaða í sundið á fullri ferð og gerðum ekkert meira en að hafa okkur í gegn á móti straumnum og sást greinilega hvað sjávarborðið hækkaði á meðan skipið var eins og tappi í flösku í sundinu. Það hlýtur að vera gífurleg orka í þessu sundi og full ástæða til þess að hún verði athuguð sem virkjunarkostur. Ég hef áður bent á, að með nýrri vegagerð,

ætti að brúa Reykjarfjörð. Það er ekki nema einn kílómetri úr nesinu og yfir á Laufskálaleyri á Sveinhúsanesi og mesta dýpið er þrjú metrar. Þá væri Reykjanes komið í þjóðbraut.

Mér finnst að brúin ætti að vera sem vestast á garðinum, því þá myndi garðurinn skýla sem best fyrir norðaustan þræsingnum, sem oft leggur inn fjörðinn. Hagkvæmast væri að vegurinn kæmi að landi innanvert við bryggjuna og tengdist þar gamla veginum yfir Hveravíkuna og áfram enn með nesinu að austanverðu. Þá er minnstu raskað. Með tilkomu þessa garðs myndi skapast hin besta aðstaða fyrir allskonar sjósport, fyrir kajaka og smærri seglbáta. Á firðinum og á vesturströnd Reykjanes er fullt af víkum og vogum þar sem góð aðstaða er fyrir sjó- og sólböð,

og á Seleyrum er góð aðstaða til þess að byggja geymslur og annað sem til þarf.

Ég kom fyrst í Reykjanes til að læra sund þegar ég var tólf ára. Sumarið á eftir fór ég til sjós með Agnari Guðmundssyni á Mumma og af sex manna áhöfn var ég sá eini sem var syndur. Svo var um fleiri skip, örfári eða jafnvel engir gátu synt. Þegar Ísafjarðarbátarnir komu heim af síldinni, var oft lítið að gera því róðramir hófust ekki fyrr en eftir áramót. Þá gekkst bæjarstjórn ásamt sjómannafélaginu og verkalýðsfélaginu fyrir að að haldin voru svokölluð sjómannaámskeið í Reykjanesi. Þá fylltust gömlu skálarinnir af körlum og konum sem sóttu þessi námskeið og við í yngri kantinum fengum að fljóta með eftir því sem pláss leyfði.



Pétur Bjarnason frá Ísafirði skrifar

„Ég vona að Ísafjarðarbær beri gæfu til að sleppa aldrei eingarhaldi sínu á Reykjanesi“

Þessi námskeið stóðu yfirleitt í hálfan mánuð og þar lærði margt fullorðið fólk að synda í fyrsta sinn. Ég man sérstaklega eftir Samvinnufélags skipstjórunum, Rögnvaldi Jónssyni, Haraldi Guðmundssyni og Halldóri Sigurðssyni og konum þeirra, sem öll voru að læra sund. Sumir komust þversum yfir laugina en aðrir langsum eftir tímenn. Kennarar voru Viggó

Nathanelsson frá Þingeyri og Jakob frá Hallsstöðum. Þessi námskeið voru endurtekin í nokkur ár.

Ég vona að Ísafjarðarbær beri gæfu til að sleppa aldrei eignarhaldi sínu á Reykjanesi og helst ætti bærinn að eignast byggingarnar líka svo byggja megi þar upp góða heilsuræktarstöð og afþreyingarástæðu fyrir unga sem alda.

Pétur Bjarnason.



Fræðslufundur á Ísafirði. Fundinum verður varpað með fjarfundar-búnaði til Patreksfjarðar

Umsjónarfélag einhverfra heldur fræðslufund á Ísafirðimiðvikudaginn 13. mars kl. 20:30.

Fundarefni: Kynning á Umsjónarfélagi einhverfra og einhverfu. Stutt umfjöllun um félagshæfnisögur og skynörfun. Fyrirspurnir og umræður í lokin.

Fundarstaður: Á Ísafirði verður fundurinn í Þróunarsetri Vestfjarða, Ámagötu 2-4, og á Patreksfirði í Félagsheimili Patreksfjarðar.

Fundurinn er öllum opin og aðgangur er ókeypis. Félagsmenn og áhugafólk um fræðslu og kennslu einhverfra eru hvattir til að mæta.

Stjórnin.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Frumflytur píanókonsernt eftir Jónas Tómasson

Að sögn Jónasar er ekki fyrirhugað að flytja verkið aftur í bili en hins vegar verður það tekið upp í hljóðveri Ríkisútvarpsins í maí nk. með sömu flytjendum. Hann segist ekki vita hvort hljómsveitin muni þá nota tækifærið og koma vestur á firði með verkið en óneitanlega væri gaman ef Vestfirðingar fengju tækifæri til að hlýða á konsertinn.

Aðspurður um hvort vænta mætti þess að fleiri verk eftir hann yrðu frumflutt á næstunni, þá sagði Jónas slíkt vera í bígerð án þess að hann vildi tiltaka nokkuð sérstaklega. Hann væri á starfslaunum en það gerði honum kleift að helga sig tónsmíðunum og segja mætti að hann væri alltaf að.

Æðruleysismessa í Ísafjarðarkirkju

Æðruleysismessa verður í Ísafjarðarkirkju laugardaginn 16. mars kl. 20:30 til 21:30.

Dagskrá:

1. Stjórnandi býður alla velkomna.
2. AA-maður fer með signingu og æðruleysisbæn.
3. Tónlistaratriði.
4. Vitnisburður AA-manns.
5. Tónlistaratriði.
6. AA-maður fer með ritningarlestur.
7. Tónlistaratriði.
8. Hugleiðing AA-manns.
9. Tónlistaratriði.
10. Faðir vor og blessun.

Prestur og AA-maður fara með fyrirbæn fyrir þá sem vilja. Á meðan er leikin tónlist. Þeir sem vilja fyrirbæn, koma upp að grátunum þar og prestur leggur hendur á axlir þeirra.

Molakaffi og spjall á eftir.

Framboðslisti sjálfstæðismanna

Netspurningin

D-listinn er kominn fram í Ísafjarðarbæ. Sjálfstæðismönnum er óskað til hamingju með áfangann. Prófkjörsleiðin gekk ekki upp. Hverja sögu verður að segja eins og hún gerist. Auglýst var eftir frambjóðendum í fyrirhugað prófkjör í ársbyrjun. Aðeins tveir áhugasamir gáfu sig fram. Um tvær konur mun hafa verið að ræða, sem báðar munu hafa fengið sæti á listanum þó sennilega ekki óskasætin því bæjarstjórnir Halldór Halldórsson skipar efsta sætið. Hann var ekki í hópi áhugasamra um að bjóða sig fram í prófkjöri. Sá leikur hans reyndist réttur því þar með skákaði hann forystumanni bæjarmálaflokks D-listans, Birnu Lárusdóttur, sem ýmist hefur verið forseti bæjarstjórnar eða formaður bæjarráðs, niður í annað sætið.

Í þriðja sæti listans er annar bæjarfulltrúi Ragnheiður Hákonardóttir, sem einnig hefur látið til sín taka á undanföllum árum á vettvangi Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ og reyndar í Vestfjarðakjördæmi. Í fjórða sætinu er nýr og áhugaverður frambjóðandi, Ingi Þór Ágústsson hjúkrunarfræðingur og sundþjálfari á Ísafirði. Um er að ræða ungan og efnilegan mann, sem kemur nú nýr inn á listann og er ástæða til að binda við hann miklar væntingar. Hann hefur náð góðum árangri með sundfólkið í Vestra og býður af sér góðan þokka. Það er fyrst í fimmta sæti að frambjóðandi úthverfanna nær inn á listann. Elías Guðmundsson á Suðureyri er ungur og áhugasamur um framgang Suðureyrar, sem er heimabyggð hans. Í sjötta sætinu er svo Jón Svanberg Hjart-

arson varðstjóri í lögreglunni á Ísafirði, en búsettur á Flateyri.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur átt fjóra af níu fulltrúum í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Svo hefur lengst af verið með D-listann, ef frá er skilið kjörtímabilið 1990 til 1994. Þá voru fulltrúarnir aðeins þrjú en svokallað sjálfstætt framboð, Í listi, átti tvo fulltrúa, sem töldu sig þó sjálfstæðismenn. En ekki báru þeir tveir listar gæfu til samvinnu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur áratugum saman átt fjölmennasta framboðsflokkinn í bæjarstjórn á Ísafirði. Nú er von nýrra framboða, bæði frjálslyndra, sem margir hafa stutt Sjálfstæðisflokkinn og framboðs á vegum Halldórs Jónssonar, sem hefur lengi verið skráður félagi í Sjálfstæðisflokknum að því er nokkuð áreiðanlegar heimildir herma.

D-listinn á því sennilega erfiðara starf framundan en oft áður og þarf nú eftir þrjú kjörtímabil að keppa á nýjan leik um atkvæði og stuðning við framboð fyrrum samherja og stuðningsmanna. Við slíkar aðstæður er kosningabarátta erfiðust. Samfylking, Framsóknarflokkurinn og Vinstri grænir mega eiga von á auðveldari slag fyrir vikið. Kröftunum verður beint í átök milli manna sem áður stóðu saman. Þeim má gjarnan líkja við það er hjón sem eru að skilja eða hafa nýlega slitið hjúskap sínum takast á. Hitt vekur ekki síður athygli, að Þorsteinn Jóhannesson yfirlæknir og bæjarfulltrúi síðustu tveggja kjörtímabila er hvergi á listanum.

Stakur skrifar

Spurt var:

Notar þú netið til að sækja þér tónlist?

Alls svöruðu 473.
Já sögðu 173 eða 36,58%
Nei sögðu 300 eða 63,42%
Hlutlausir voru 0 eða 0,0%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Stakur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Staks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

HÓPFERÐAMÍÐSTÖÐ VESTFJARÐA



Sindragötu 3

Sími 456 4314

49 manna bíll með sjónvarpi, myndbandstæki, salerni og kaffivél og fararstjóra



55 manna bíll með fararstjóra



Fjórhjóladrifinn 19 manna bíll með 3ja punkta öryggisbelti



Nýtt fyrirtæki í ferðapjónustu á Vestfjörðum

Fyrir smærri hópa: Fjórhjóladrifnir bílar, 10, 12 og 14 manna



Góð og gróin fyrirtæki hafa nú sameinað krafta sína í eina öfluga hópferðamiðstöð

Fjórhjóladrifinn 19 manna bíll með 3ja punkta öryggisbelti



Sérútbúinn bíll fyrir akstur með fatlaða



Fjölbreytt úrval hópferðabíla. Reyndir bílstjórar tryggja gæðin!

ALLIR BÍLAR MEÐ ÖRYGGISBELTI

Upplýsingar og bókanir
Hópferðamiðstöð Vestfjarða
Sími 456 4314 og


Vesturferðir

Alakirau 7 - Sími 456 5111
www.vesturferdir.is

**HÓPFERÐIR FYRIR
HVERN SEM ER
HVERT SEM ER
HVENÆR SEM ER**



Sophus
Magnússon



F&S Hópferðabílar ehf.
Kári Guðmundsson

Þjóðvegaskrens

Þjóðvegaskrens, eða Road Trip, er þriggja stjörnu gamanmynd frá árinu 2000 sem Stöð 2 sýnir kl. 22:05 á laugardagskvöld. Josh Parker er í vondum málum. Hann gerðist fullnægðingull við vinkonu sína og athæfið var tekið upp á myndband. Til að bæta gráu ofan á svart var myndbandið sent kærustu hans, Tiffany, sem er í skóla í Texas. Josh á bara um eitt að velja og það er að mæta til kærustunnar áður en hún fær myndbandið. Sjálfur er Josh í New York og á langt ferðalag fyrir höndum, ferðalag sem á eftir að reyna virkilega á þólrifin. Aðalhlutverkíð leikur Breckin Meyer.



Vestfjarðakynning í Perlunni í vor

Mikill áhugi hjá vestfirskum fyrirtækjum

Fyrirtæki á Vestfjörðum hafa sýnt mikinn áhuga á Vestfjarðakynningunni sem haldin verður í Perlunni í Reykjavík, dagana 2.-5. maí nk., að sögn Sigríðar Ó. Kristjánsdóttur, framkvæmdastjóra sýningarinnar. Hún segir skráning þátttakenda hafi gengið ágætlega en bendir á að skráningu ljúki í kringum 20. mars nk. Þeir sem hafa áhuga á að vera með en hafa ekki skráð sig ennþá,

eru hvattir til að hafa samband sem fyrst við Sigríði í síma 861 4913 eða með tölvupósti sirry@vesturferd.ir.is. Markmið sýningarinnar í Perlunni er að kynna Vestfirði á jákvæðan hátt með því að leggja áherslu á gróskumikið atvinnulíf, fjölbreytta ferðamöguleika og blómlegt mannlíf. Þarna munu fyrirtæki og stofnanir fá tækifæri til að kynna starfsemi sína og sýna fram á þá miklu fjöl-

breytni sem er í vestfirsku atvinnulífi. Einnig er ætlunin að ferðapjónustuaðilar geti þarna kynnt Vestfirði sem áhugaverðan áfangastað og sveitarfélögin það sem þau hafa upp á að bjóða. Þá mun Atvinnupróunarfélag Vestfjarða kynna þá aðstöðu og umgjörð sem fyrirtækjum býðst á Vestfjörðum. Saman við þetta verður fléttað menningar-, fræðslu- og skemmtidagskrá.

leik *Middlesbrough* og *Liverpool*.
14.00 Leiðin á HM. Myndaflökur þar sem þáttökupjóðirnar á HM í sumar eru kynntar til sögunnar. Kastljósinu er beint að tveimur þjóðum í hverjum þætti. Rætt er við þjálfarana og helstu stjórnur liðanna.
15.00 Járnbrautarbörnin. (*Railway Children*) Systkinin Bobbie, Phyllis og Peter eru venjulegir krakkar í Hampstead, einu úthverfa Lundúna. Dag einn hrynur veröld þeirra þegar ókunngir menn koma á heimilið og hafa þabba þeirra á brott með sér. Í kjölfarið flytur fjölskyldan út í sveit en þar er lífið mjög frábrugðið því sem þau eiga að venjast í stórborginni. *Aðalhlutverk: Jenny Agutter, Gary Warren, Sally Thomsett, Dinah Sheridan, Bernard Cribbins, William Mervyn.*
17.00 Toppleikur
18.50 Lottó
19.00 Hálandingurinn (9:22)
19.50 Spænski boltinn. Bein útsending.
22.00 Tequila á æð. (*Tequila Body Shots*) Gamansöm hrollvekja. Nokkrir félagar ætla að skemmta sér ærlega í Mexíkó. Partíð tekur hins vegar óvænta stefnu þegar draugar og önnur fyrirbæri vilja slást í höpinn! *Aðalhlutverk: Joey Lawrence, Dru Mouser, Nathan Anderson.*
23.30 Hnefaleikar
00.55 Pokkagyðjan Nicole.
02.15 Dagskrárlok og skjáleikur

15.55 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *Aston Villa* og *Arsenal*.
18.00 NBA. Bein útsending frá leik *Philadelphia 76ers* og *Orlando Magic*.
20.30 Úrslitakeppni í KÍ. Bein útsending frá 8 liða úrslitum í úrvalsdeild karla í körfubolta.
22.00 Meistarakeppni Evrópu. Farið er yfir leiki síðustu umferðar og spáð í spilin fyrir þá næstu.
23.00 Golfmót í Bandaríkjunum.
00.00 Arizona yngri. (*Raising Arizona*) McDonnough-hjónin þrúa að eignast barn en það reynist þrautín þungri. Þau eru tilbúin að leggja ýmislegt á sig en eiga erfitt með að leita hefðbundinna leiða. Hún er fyrrverandi löggæta og hann er illa haldinn af stelsýki. Þau neita samt að gefast upp og gripa til örþrífaraða. *Aðalhlutverk: Nicolas Cage, Holly Hunter, John Goodman, Trey Wilson*
01.35 Dagskrárlok og skjáleikur

20:00 Dateline. Magnaðir fréttaskýringaþættir þar sem kafað er ofan í kjöllinn á erfiðum málum.
21:00 Undercover. Hjónin Kate og Dylan Del' Amico reka eigið njónsálfyrirtæki. Þeim er úthlutað margvíslegum verkefnum og spurning hvort þeim tekst að aðlaga sameiginlegan starfsframa hversdagslífinu.
22:00 Djúpa laugin
23:00 Malcolm in the middle (e)
23:30 CSI (e)
00:20 Temptation Island (e)
01:10 Jay Leno (e)
02:00 Muzik.is
03:00 Óstöðvandi tónlist

Laugardagur 16. mars

12.30 48 Hours (e)
13.30 Law & Order (e)
14.30 Jay Leno (e)
15.30 Djúpa laugin (e)
16.30 Jay Leno (e)
17.30 Fólki (e)
18.30 Undercover (e)
19.30 Two Guys and Girl
20:00 Powerplay. Michael Riley fer með hlutverk Bretts Parker, umboðsmanns ífróttamaðnaða sem lætur hugannbera sig hálfra leið í að koma umbjóðendum sínum á framfæri. Þegar hann flytur til heimabæjar síns áttar hann sig á því stundum er kapp best með forsjá.
21:00 Íslendingar. Spurninga- og spjallþáttur í umsjón Fjalars Sigurðarsonar, tröllapabba með meiru.
22:00 Total Recall. Rannsóknarlögregluðurinn David Hume virðist hafa erfitt andagiftina frá nafna sínum heimspækingnum og nýttist hún honum afar vel í baráttu hans fyrir betra lífi – á Mars árið 2070.
22:50 Daydream Believers. Saga hinnar geysivinsælu hljómsveitar The Monkeys, sem var upp á sitt besta á 7. áratuginum. Hver man ekki eftir lögum eins og I'm a Believer?
00:20 Tvöfaldur Jay Leno (e)
01:50 Muzik.is
03:00 Óstöðvandi tónlist

Sunnudagur 17. mars

12.30 Silfur Egils
14.00 Mótör (e)
14.30 Boston Public (e)
15.30 The Practice (e)
16.30 Innlit-Útlit (e)
17.30 Judging Amy (e)
18.30 Dateline (e)
19.30 King of Queens (e)
20:00 Redemption of the Ghost
21:45 Silfur Egils
23.30 Íslendingar (e)
00.30 Powerplay (e)
01.20 Muzik.is
02.00 Óstöðvandi tónlist

Ertu orðin(n) áskrifandi?

Hvað er að ske? Á helginni
 14. mars - 19. mars

Skemmtikvöldið
Those Where The Days
 Með lílandi tónlist frá 1960 til 1970
 kynnis
Laugardagskvöldið 16. mars. Örfá sæti laus
Laugardagskvöldið 23. mars. Laus sæti

Hljómsveitin og Söngvarar eru
 Jón H. Engilbertsson gítar, Samúel Elínarsson hljómborð, Karl Jónsson trommur, Óli Pétur Jakóðsson bassi, Jónatan Elínarsson pláss - söngur, Þórunn Snorradóttir söngur, Guðmundur Ó. Reynisson söngur
 Miðaverð 3800.-
 MIDD OG BORDAFANTANIR Í SÍMA 466-3988 (PIZZA 67)
 Dansleikur á eftir sýningu
Halli og Þórunn skemmta

ELDBORG 2001
SÖNN ÍSLENSK ÚTIHÁTIÐ
 Sunnudag, mánudag og þriðjudag kl 9

SPY GAME
 Það er ekki spurning hvernig þú spilar leikinn, heldur hvort þú leikurinn spilar með þig.
 Frá leikstjóra Enemy Of The State og Crimson Tide. Brad Pitt og Robert Redford í adrenalínhlaðinni spennu.
 Fimmtudag kl 9
 Föstudag kl 9

Arnar G. Hinriksson hdl.
 Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243
Fasteignaviðskipti
Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum
Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

kirkja

Ísafjarðarkirkja:
 Kirkjuskóli á laugard. kl. 11:00. Guðsþj. á sunnud. kl. 11:00. Kór Hlífar-kvenna syngur. Prestur er sr. Stína Gísladóttir.
Þingeyrarkirkja:
 Kirkjuskólinn á föstud. kl. 17:00. **Holtsprestakall:**
 Kirkjuskólinn í Holtsskóla á laugard. kl. 13:00

Körfubolti Karlalið KFÍ í undanúrslit

Meistaraflokkur karla hjá KFÍ tryggði sér á föstudaginn sæti í úrslitakeppni 1. deildar með glæsilegum sigri á liði Grindvíkinga í Íþróttahúsinu á Torfnesi. Staðan við leikslok var 94-68 KFÍ í vil, en Grindvíkingar náðu sér ekki á strik eftir að KFÍ náði 17 stigum í röð í byrjun þriðja leikhlutna. Með sigrinum er karlalið KFÍ komið í þriðja sæti 1. deildar karla með 24 stig og mun því fljótlega etja kappi við Snæfell um sæti í úrvalsdeild.

Meistaraflokkur kvenna hjá KFÍ tapaði báðum leikjum sínum um helgina, á föstudaginn með 57 stigum gegn 89 Keflvíkinga og á laugardaginn með 56 stigum gegn 81 Keflvíkinga. Kvennalið KFÍ er því fallið niður í 2. deild og mun keppa þar á næstu leiktíð.

netið

Hver eru uppáhalds bókamerkin þín á Netinu?
Eliás Guðmundsson, deildarstjóri hjá Símanum á Ísafirði svarar:
 „Að sjálf-sögðu fer ég mest inn á **bb.is** sem er að mínu mati ótrúleg sterkur vefur í ekki stærra samfélagi, en **mbl.is** skoða ég á hraðferð. Skemmtilegustu vef-irnin eru **adforum.com** sem er auglýsingavefur og **tilveran.is** sem er góð afþreying þegar maður vill lyfta upp góðu brosi. Ég nota **spar.is** til að sinna fjármálunum og **isafjordur.is** til að fylgjast með fundargerðum Ísafjarðarbæjar. Svo er auðvitað aðal bóka-merkið mitt **sudureyri.is/gistiheimili** en reyndar verð ég að viðurkenna að ég skoða ekki reglulega.



Sjónvarpsstöðin Sýn

Miðvikudagur 13. mars kl. 19:30
Meistarakeppni Evrópu: Barcelona – Liverpool
 Miðvikudagur 13. mars kl. 21:40
Meistarakeppni Evrópu: Manchester United – Bayern München
 Laugardagur 16. mars kl. 11:40
Enski boltinn: Middlesbrough – Liverpool
 Laugardagur 16. mars kl. 20:20
Spænski boltinn: Leikur óákveðinn
 Sunnudagur 17. mars kl. 13:45
Ítalski boltinn: Leikur óákveðinn
 Sunnudagur 17. mars kl. 15:55
Enski boltinn: Aston Villa – Arsenal
 Sunnudagur 17. mars kl. 18:00
NBA: Philadelphia 76ers – Orlando Magic
 Sunnudagur 17. mars kl. 20:30
Epson deildin: Átta liða úrslit
 Mánudagur 18. mars kl. 19:50
Enski boltinn: Tottenham Hotspur – Charlton Athletic

Þar sem þú ert
- þar erum við

ÞÓSTURINN
www.postur.is

Róið í ís- hröngli á Pollinum í Skutulsfirði

Þeir kalla ekki allt ömmu sína, ræðararnir í kajakkklúbbi Ísfirðinga, og láta ekki smávegis íshröngl aftra sér frá því að sigla á Pollinum í Skutulsfirði. Í byrjun síðustu viku var átta stiga frost á Ísafirði en hjart og stillt veður. Ræðarinn á myndinni var ekki á því að leggja árar í bát nema síður væri, þótt frostið biti kinnar. Vestfirskir ræðarar bíða sumarsins og er ljóst að þeir ætla ekki að heilsa sumri nema í toppþjálfun, sem fæst víst ekki án þess að róa sem ákafast hvenær sem færi gefst.



HVER ÞJÓNAR þínu öryggi?

Það er fátt eins mikilvægt í lífinu og öryggi. Þess vegna áttu rétt á að fá óvugga lífeyðing og fyrsta flokks þjónustu þegar tryggingarnú þín eru annars vegar. Komdu eða hafðu samband, við gerum alltaf okkar besta.

TRYGGINGA-
MIDSTODIN HF
- Sjávar mál á myndit

Hafnarstræti 7 • 400 Ísafjörður
Sími 450 5200 • www.tmfhf.is



Ásta og Keli á Ísafirði

Í síðustu viku stóðu yfir upptökur á barnaefni fyrir sjónvarpsþáttinn „Stundina okkar“ á Ísafirði.

Í samtali við blaðið sagði Hlíf Ingibjarnardóttir, skriftra hjá Ríkissjónvarpinu, að hópurinn hefði komið til Ísafjarðar að morgni þriðjudags og yrði við tölur á Ísafirði og nágrenni fram eftir vikunni.

Voru bæði Ásta og Keli með í för því verið var að taka upp heilan þátt sem sýndur verður í Ríkissjónvarpinu 24. mars nk.

Ný brú byggð yfir Ósá við Bolungarvík

Vegagerðin hefur óskað eftir tilboðum í gerð steyptra niðurrekstrarstaura fyrir brú sem byggja á yfir Ósá við Bolungarvík. Kristján Kristjánsson, deildarstjóri hjá Vegagerðinni á Ísafirði, sagði í samtali við blaðið að framkvæmdir við brúna hæfust í vor.

Um er að ræða nýja tvíbreiða brú sem verður talsvert neðar en núverandi brú, eða á

nesinu neðan við bæinn Neðri-Ós. Þá verður lagður nýr vegur í tengingu við brúna, um 1,2 km að lengd, ásamt tengingu við Syðridalsveg. Gamla brúin yfir Ósá er einbreið og var byggð árið 1949. Framkvæmdin mun stytta vegalengdina á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar nokkuð og fjarlægja vinkilbeygju við bæinn Efri-Ós.



Loftmynd af svæðinu.

Tveir leikmenn Boltafélagsins Æfa með landsliðinu

Tveir knattspyrnumenn úr Boltafélagi Ísafjarðar hafa verið valdir til æfinga með landsliði Íslands.

Halldór Ingi Skarphéðinsson, markvörður, er valinn til æfinga með 17-19 ára lands-

liðinu og Matthías Vilhjálmsson hefur verið valinn til æfinga með 15-17 ára landsliðinu. Halldór Ingi hefur nú þegar farið á þrjár æfingar með landsliðinu og Matthías tvisvar.

Menntaskólinn á Ísafirði

Fær umbun vegna bættar rekstrarstöðu

Menntaskólinn á Ísafirði skilaði fjögurra milljóna króna rekstrarafgangi um síðustu áramót í stað átta milljón króna halla árið áður samkvæmt ársuppgjöri ríkisbókhalds.

Þetta kom fram á fundi skólanefndar Menntaskól-

ans á Ísafirði sem haldinn var 4. mars sl. Þar sem ársskýrsla skólans og áætlun fyrir næsta ár voru lagðar fram. Skýrði Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari, frá því að menntamálaráðuneytið hefði af þessu tilefni bætt tveimur milljónum króna við fjárveitingar skól-

ans í ár sem uppbót og umbun vegna bættar rekstrarstöðu. Mun skólinn því byrja fjárlagaárið með sex milljónir í forgjöf sem þýðir að staðan hefur vænkast um 14 milljónir frá því sem var um þarsíðustu áramót.



Menntaskólinn á Ísafirði.

Fermingartilboð

SONY
PANASONIC
AIWA

Sömu verð
og í
Reykjavík

LOFTMYND

Ráðisstræti 37 sími 456 4853

Opið mán-fim
10:00-17:30

Opið fös
10:00-16:00

Vesturferðir
Abalstræti 7 • Sími 456 5111
www.vesturferdir.is
vesturferdir@vesturferdir.is

bb.is

- öflugur frétt- og
upplýsingamiðill!